


Tímarit – Að taka á móti nýjum tölublöðum á safni

19.10.2022


Þegar búið er að útbúa áskrift þá þarf einungis að taka á móti nýju tölublaði þegar það kemur á safni. Það þarf ekki að byrja á að skrá það inn í kerfið.

Til þess að taka á móti nýju tölublaði er farið í „Taka á móti“ undir „Aðföng“. Í taka á móti eru tveir flipar. Þegar unnið er með bækur þarf að vera í flipanum „Einu sinni“ en þegar unnið er með tímarit þarf að vera í flipanum „Samfelld“. Einnig er mjög mikilvægt að passa að hafa hakað við „Halda innan deildar“ og velja ferilstöðuna sem er næst á færibandinu, hvort sem það er miðar og prentun eða plöstun og frágangur. Ef ekki er hakað við „Halda innan deildar“ heldur kerfið að tímaritið sé tilbúið að fara upp í hillu.


Móttaka á nýju efni



Hér er lína fyrir hvern tímaritatitil sem er í áskrift á safninu. Það er hægt að leita að tímaritinu sem er verið að fara að móttaka.




Þegar búið er að finna réttan titil er farið í þrípunktana hjá titlinum og valið „Hafa umsjón með eintökum“.




Nú opnast ný síða þar sem það er lína fyrir hvert tölublað af tímaritinu hvort sem það er móttakið eða í hillu.

Best er að byrja á því að sía listann þannig að bara þau eintök sem á eftir að móttaka birtast á listann. Það er gert með því að velja „Ekki móttakið“ í Staða móttöku.



Það er einnig hægt að raða tímaritunum þannig að maður fái þau eintök sem eru væntanleg næst, efst á listann. Það er gert með því að fara í „Röðunarvenja(Description)“ og velja Lýsing, smella svo á örina upp. Þá raðast listinn eftir tölublaða upplýsingum sem koma fram í lýsingu.



Svo skal haka við þau eintök sem á að móttaka og velja „Vista og móttaka“.



Nú erfa þessi eintök það sem var valið á síðunni „Taka á móti“ og fara í ferilstöðuna sem var valin þar.

Framhaldið héðan af er eins og með bækur. Það er farið í „Móttaka eintök deildar“ og nú eru tímaritin komin á sama stað og bækurnar. Næstu skref eru þá að prenta kjalmiða, plöstun og frágangur og ljúka ferli.

Það er hægt að velja sérstakt template í Spineomatic sem bætir lýsingu við kjalmiðann. Verið er að vinna í því að finna besta verklagið í að koma mikilvægum upplýsingum úr lýsingu inn á kjalmiðann.

Nú þegar þetta er komið í gang þá á bara að þurfa að fara í ferilinn að taka á móti tölublöðin þegar þau koma og svo einu sinni á ári þarf að fara inn í forðafærsluna og opna eintökin fyrir næsta ár. Leiðbeiningar fyrir endurnýjun á áskriftum eru væntanlegar.